

## REGLUR

### um úthlutun úr Framkvæmdasjóði kynjajafnréttismála.

#### 1. gr.

##### *Tilgangur.*

Framkvæmdasjóði kynjajafnréttismála er ætlað að stuðla að eftirfylgni við verkefni úr þingsályktun um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2026–2029, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020.

#### 2. gr.

##### *Fjármunir og úthlutanir.*

Sjóðnum eru lagðar til árlega 12 millj. kr. af fjárlögum árunna 2026–2029. Styrkur til hvers verkefnis getur aldrei numið hærri fjárhæð en 80% kostnaðaráætlunar og að jafnaði ekki hærri fjárhæð en 3 millj. kr. nema um umfangsmikið samstarfsverkefni milli ráðuneyta sé að ræða. Dómsmálaráðuneytið úthlutar fé úr sjóðnum til annarra ráðuneyta árlega.

#### 3. gr.

##### *Skilyrði.*

Verkefni sem fá úthlutað styrk þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Vera á ábyrgð ráðuneytis jafnvel þó ráðuneyti geti falið öðrum framkvæmd þeirra.
2. Fela í sér nýtingu á niðurstöðum, reynslu og þekkingu eða innleiðingu á tillögum úr framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

#### 4. gr.

##### *Upplýsingar um styrki.*

Fyrir 1. mars ár hvert skal dómsmálaráðuneytið senda öllum ráðuneytum bréf þar sem minnt er á styrkúthlutanir úr Framkvæmdasjóði kynjajafnréttismála og umsóknarfrest.

#### 5. gr.

##### *Umsókn um styrki.*

Ráðuneyti skal sækja um styrki til dómsmálaráðuneytisins fyrir 15. apríl ár hvert. Í umsókn skal koma fram nánari lýsing á verkefni, tenging við verkefni í framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum sem og rökstuðningur fyrir því að veita skuli verkefninu styrk.

#### 6. gr.

##### *Skýldur ráðuneyta.*

Ráðuneyti sem hefur fengið styrk úr Framkvæmdasjóði kynjajafnréttismála skal gera grein fyrir framvindu verkefnisins og ráðstöfun fjárens að sex mánuðum liðnum frá greiðslu styrksins. Greinargerð skal send til skrifstofu jafnréttismála í dómsmálaráðuneytinu.

7. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar gilda fyrir úthlutun úr Framkvæmdasjóði kynjajafnréttismála árin 2026–2029.

*Dómsmálaráðuneytinu, 23. febrúar 2026.*

F. h. r.  
**Bryndís Helgadóttir.**

---

*Steinunn Valdís Óskarsdóttir.*

---

B deild - Útgáfudagur: 25. febrúar 2026